

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

J A R Ð L A G A S N I Ð
Eftir
Ingvar Birgi Friðleifsson
og
Hrefnu Kristmannsdóttur

Sept. 1968

J A R Þ L A G A S N I Þ

Eftir
Ingvar Birgi Friðleifsson
og
Hrefnu Kristmannsdóttur

Efnisyfirlit:

		Bls.
BORÐEYRI, Hóla I	(I.B.F.)	1
HRÍSEY, Hóla I	(I.B.F.)	5
" Hóla II	(I.B.F.)	6
HAMRAR, Hóla I	(I.B.F.)	11
" Hóla II	(I.B.F.)	12
URKIDAVATN, Hóla I	(I.B.F.)	13
" Hóla II	(I.B.F.)	16
STÓRU TJARNIR, Hóla I	(H.K.)	22
" " Hóla II	(H.K.)	30
" " Hóla III	(H.K.)	33
ELLIDAÁK, Hóla I	(I.B.F.)	37
" Hóla II	(I.B.F.)	38
" Hóla III	(I.B.F.)	39
SUNDAHÖFN, Hóla I	(H.K.)	40
" Hóla II	(H.K.)	42
" Hóla III	(H.K.)	44
HEIDMÖRK, Hóla I	(H.K.)	45
" Hóla II	(H.K.)	46
" Hóla IV	(H.K.)	47

BORÐFYRI, HOLA I (Venk nr. 687)

0-3.0 m

Basaltnolar, svargrátt basalt, dulkornótt. Grænleitar, gljáandi agnir hér og hvar benda til örlítillar myndbreytingar.

3.0-7.0 m

Efst er lagið tuffkennt. Í því eru hyrndir molar, sem auðsjáanlega hafa aldrei verið lausir. Allmikið er af dökkrauð-brúnum gljáandi flötum. Mikið sprungið, en allar sprungur smáar og fylltar calcite. Bergið er litskrúðugt að sjá. Verður rauðleitt er neðar dregur. Á köflum virðist bergið ívið breksíerað.

7.0-8.35 m

Smáir basaltnolar. Meðalþvermál er ca. 4 cm fyrsta hálfu metrann. Á þessum molum má sjá mikið af pyrite þar sem sprungufletir hafa verið. Er neðar dregur verða molar stærri en að ofan getur.

8.35-28.7 m

Svarblátt, dulkornótt, mjög þétt basalt. Í brotsári má sjá hér og hvar litla gljáandi fleti, suma ílanga. Þetta eru feldspat krystallar, sem náð hafa meiri þroska en krystallarnir umhverfis. Bergið er allmikið sprungið, skásprungið, skriðsprungið. Bergið er mjög hart. Mikið molað í 17.0 m, 18.5 m og 21.2 m dýpi. Myndbreyting eykst dálítið á kafla eftir 21.0 m, en verður síðan tiltölulega ferskt aftur. Í 28.4 m verður meira um smámola.

28.7-29.2 m

Tuff, rauðleitt að lit.

29.2-34.2 m

Í beinu framhaldi af tuffinu kemur basalt, þetta er efsta lag í hrauni, nokkuð frauðkennt. Sjá má zeolíta í vexti í holum. Basalt þetta er fremur ferskt og verður þéttara eftir því sem neðar dregur. Allmikið er um blöðrur, verða færri en stórar er neðar dregur.

34.2-34.5 m

Rauðleitt tuff, sem er í beinum tengslum við basaltið fyrir ofan. Bergið er laust í sér í miðju tuffinu rauða.

34.5-63.0 m

Rauði liturinn dofnað fljótt og við tekur gráleitt basalt, tuffkennt efst, en þéttist síðan. Í 36.5 m dýpi er basaltið nokkuð blöðrótt, en síðan dregur úr þeim. Eftir 37.0 m verður bergið meira myndbreytt til muna og morkið þar sem mest er um sprungur. Langsprungið og skásprungið frá 37.0-39.0 m. Verður síðan mun ferskara á svo sem meters kafla, en síðan sækir aftur í sama horf. Frá 40.0 m er kjarninn allur í smá molum. Í 42.6 m er um 25 cm langur bútur af tiltölulega mjög fersku basalti og eftir það er kjarninn heillegur niður í 43.6 m. En bergið er mjög fínsprungið (þétt net) og myndbreytt. Virðist breksíerað til að sjá, en svo er ekki. Eftir 43.7 m er bergið að sjá nánast sem fín breksía, en eftir 44.3 m er nánast um morkinn salla að ræða. Á 45.0 m dýpi verður kjarninn örlítið heillegri og í 45.2 m finn ég einn fersklegan basaltbút. Síðan verður bergið meira morkið á ný og frá 46.0 m til 51.0 m er aðeins um misgrófan salla að ræða.

Á dýpinu 48.6 m er á nokkru bili sterkur rauður litur, sem mjög líklega bendir til lagaskipta, en síðan heldur líkur grautur áfram. Ég leyfi mér að efast um að mylsnu þessari sé komið í kassann án mikillar ónákvæmni.

Eftir 51.0 m taka við basaltmolar, sem sumir eru fremur ferskir, en aðrir myndbreyttir. Í 52.0 m tekur svo við fersklegt basalt, á kafla blöðrótt og mjög ferskt. Í 53.0 m verður bergið til muna meir myndbreytt. Í 53.8 m er bergið orðið þétt, en á bilinu 54.3–55.3 er mjög myndbreytt og upplitað berg, ljós, flögóttur salli, gulgrár að lit.

Á bilinu 55.3–63.0 m er kjarni heillegur. Basalt, nokkuð tuffkennt efst, en verður síðan blágrátt, þétt, dulkornótt. Einstaka blöðrur og þá stórar, fylltar zeolítum. Kjarninn er mjög lítið sprunginn. Síðasta metrann verður basaltið dálítið soðið og tuffkennt.

63.0–78.0 m

Efst er rautt, fíngert tuff, en liturinn lýsist mjög fljótt. Verður ljóst tuff með brotum af ýmsum litum í. Einstaka brot virðast ránnuð. Þetta er mjög líklega súrt. Er neðar dregur verður tuffið þéttara og virðist storkuberg, t.d. í 74.0 m dýpi. Þunnsneiðar munu gerðar af sýnishornum úr þessu lagi og mun þetta athugað nánar.

Þunnsneið 981, dýpi 64.0 m: Mjög súrt tuff.

" 982, dýpi 77.2 m: Súrt tuff, sama og 981.

Stórir feldspatar sitjandi dreifðir í glerkenndum millimassa.

78.0–82.2 m

Mjög smágerður salli, ljósleitur ofan til, en dökknar til muna í 79.0 m. Sýnishorn eru tekin bæði úr því ljósa og því dökka.

SYNISHORN

<u>Bakki I</u>	<u>Bakki II</u>	<u>Bakki III</u>
2.0	35.0	56.2
3.3	36.2	57.0
4.4	36.5	58.5
5.6	38.6	59.5
7.6	39.1	61.6
8.6	40.2	62.8
10.5	40.5	63.0
11.8	42.1	63.4
14.3	42.4	63.8
16.5	44.0	(64.0 punnsneið)
19.2	45.2	64.8
21.8	45.8	65.6
22.4	46.0	67.5
23.8	48.6	69.2
26.3	49.8	69.9
27.8	51.3	71.5
29.0	51.5	72.5
29.4	52.1	74.3
31.0	52.3	(77.2 punnsneið)
31.7	52.6	78.7
32.8	53.1	80.0
34.3	53.4	82.0
	54.3	
	55.0	
	55.5	


Verk nr. 687

Borðeyri hola I.
Rannsóknarborhola

Tnr. 8

J-Borðeyri

Fnr. 858I



HRÍSEY, HOLA I

0-2.5 m

Leirfyllt urð.

2.5-5.0 m

Fremur þétt basalt, en með allstórum holum fylltum hvítu. Basaltið er nokkuð molað, einkum efst. Í 5.0 m virðast vera mörk.

5.0-14.8 m

Basalt með rauðbrúnni slikju. Ekki eins þétt og áður. Blöðrur eru mun fleiri og zeolítar í þeim. Zeolítarnir fylla ekki alveg holurnar.

Í 6.5 m verður bergið nær blöðrulaust en með litlum ljósum feldspat dílum. Í 7.4 m verður bergið aftur mjög blöðrótt og líkt og áður niður í 8.8 m en þá fækkar blöðrum (líkt og næst fyrir ofan 7.4). Síðan koma aftur hvítar holufyllingar frá 10.0-11.5, en síðan minna um holur frá 11.5-13.0, en þá aftur meira niður í 14.8 m. Þetta er allt samfellt lag.

14.8-15.1 m

Rauðbrúnt millilag (e.t.v. toppur á neðra lagi).

15.1-21.0 m

Fyrsti metrinn er tuffkenndur, en síðan er um basalt að ræða. Hér skiptast á bil með blöðróttu bergi (holufyllingar hvítar) og þéttu bergi. Síðustu tveir metrarnir eru nær blöðrulausir.

21.0-24.0 m

Millilag ýmist grænleitt, brúnleitt eða gráleitt. Mjög molað og morkið. Það sem heilt er má skafa með hníf.

24.0-51.8 m

Basalt, grófkornótt og örlítið dífótt, gráleitt að lit. Fremur heillegt, en frá 32 m til 40 m eru allmargar leirugar sprungur og örlítillar ummyndunar er vart í basaltinu. Í borskrá er greint frá "linu leirlagi" í 33.3-33.5 m. Vart mun um lag að ræða.

51.8-52.3 m

Rautt millilag.

52.3-64.0 m

Basalt, grófkornótt og dálítið dífótt (feldspat). Blöðrótt efst og neðst. Holufyllingar hvítar. Lítið um sprungur.

64.0-64.4 m

Rautt millilag.

64.4-80.0 m

Basalt, fínkornótt og fremur ferskt. Mjög blöðrótt efst og blöðrur stórar, en fara síðan minnkandi. Ofan til fylltar með hvítu. Efstu tvo metrana eru e.k. sprungur eða "gangar" í basaltinu fylltir leirkenndu, mjúku efni, en síðan verður bergið heillegra. Bergið béttest er neðar dregur. Aftur dálítið blöðrótt í 70 m en síðan mjög þétt niður í 80 m.

80.0-82.4 m

Rautt millilag.

82.4-102.3 m

Basalt, fremur grófkrystallað en þétt. Mjög lítið um blöðrur. Zeolíta má finna í holum. Gráyrjótt að lit. Krystalmyndun hvað bezt nálægt 87 m, en síðan verður bergið heldur minna krystalliserað.

GREINING PUNNSNEIÐA

Punnsn. nr. 978: Dýpi 11.7 m. Portyritískt basalt með plagioklas phenox-stöllum (An_{70}) Pyroxenar (clino-) smáir. Allmikið af leirminerölum (klórít).


Punnsn. nr. 979: Dýpi 59.0 m, porphyritískt basalt líkt og 978, en grófkrySTALLAÐRA. Plagioklas zónaður. Nokkuð af leirminerölum (klórít).

Punnsn. nr. 980: Dýpi 101.0 m. Porphyritískt basalt með stórum plag. phenox-stöllum (margfalt stærri en plag. í grunnmassa), An_{70} . Hér er eins og í sneiðum 978 og 979 nokkuð um magnetite + gler (svartir flekkir). Pyroxenar mjög smáir, utan einn, sem er mjög stór (orthopyroxene).

SÝNISHORN

<u>Bakki I</u>		<u>Bakki II</u>		<u>Bakki III</u>	
3.0	15.0	31.6	59.0	66.0	84.0
4.5	16.0	32.6	59.8	68.3	85.8
5.0	17.6	35.0	62.0	69.0	86.5
7.1	18.0	38.4	63.2	70.0	88.5
7.4	20.0	40.0	64.0	72.0	91.0
7.6	21.0	44.5	64.2	74.2	93.3
8.5	23.2	47.0	65.0	77.0	94.0
8.9	24.5	50.0		79.2	96.3
11.3	26.6	51.8		80.0	97.2
11.7	29.6	52.0		80.4	99.0
13.0		53.0		82.0	101.0
14.2		56.0		82.4	102.3

Hrísey. Hóla I
Rannsóknarborhóla



HRÍSEY, HOLA II (Verk 838)

0.7-12.8 m

Allblöðrótt basalt með stórum, hvítum holufyllingum. Fremur grófkornótt. Blöðrur verða færri í 3 m, en síðan ber meira á þeim í 5 m. Þá kemur blöðrusnautt bil frá 6-7 m, en þá blöðrótt á smákafli. Framhaldið er líkt, ýmist blöðrótt eða ekki. Blöðróttu bilin eru yfirleitt innan við metra að lengd, en síðan blöðrulaust og dílótt rúman metra. Bergið er grá-yrjótt og dálítið dílótt. Efstu 2.5 m er bergið molað, en síðan heillegt. Líklega má skipta laginu í 10.5 m, en þar er smákafli basaltsins roðaður og blöðróttur.

12.8-13.6 m

Rauðleitt tuff (líklega toppur á laginu undir). Í tuffinu eru smá basaltmolar.

13.6-18.8 m

Basalt, grængrátt að lit og blöðrótt með köflum. Holufyllingar hvítar og calcite í sprungum. Kjarni heillegur.

18.8-21.4 m

Leirkennt millilag, smámulið, grænbrúnt og gráleitt að lit. Mikið myndbreytt.

21.4-38.5 m

Basalt, dálítið ískotið leirblöndum fyrstu tvo metrana. Basaltið er dálítið blöðrótt efst, en síðan hverfa blöðrur nær alveg, en bergið verður þétt og nokkuð dílótt. Kornastærð er smá utan phenocrysts úr feldspar, sem ná 1 mm sumir. (sambærilegt við holu I).

38.5-41.0 m

Rautt, tuffkennt lag, sem smátt og smátt harðnar og þéttist yfir í basalt. Heldur rauðum lit og frauðkenndri áferð niður í 41 m. Engin glögg mörk eru hér. Hér er auðsatt að um topp á basaltinu er að ræða.

41.0-69.2 m

Þétt smádlótt basalt niður í 43 m, en þá verður það tuffkennt niður undir 47 m. Síðan er basaltið þétt og dálítið dlótt niður í 68.5 m. Kjarni heillegur utan dálítið molaður frá 50 til 51 m.

Mjög þétt er neðar dregur - blágrýti.

69.2-70.0 m

Rautt millilag.

70.0-86.8 m

Basalt, dálítið dlótt, nokkuð blöðrótt öðru hvoru. Einkennandi bæði fyrir þessa holu og holu I er, að oft er innan í holum og sprungum grænleit, þunn himna. Þessi græni litur er mjög skær á stundum. Holufyllingar hvítar. Ef til vill örl. myndbreytt, t.d. í kringum 74 m. Á bilinu 76-78 m eru stórar blöðrur fylltar hvítu, en síðan fækkar þeim. Verður mjög grófkristallað eftir þetta blöðróttu bil, nánast gabbró. Sama áferð niður í 86.8 m. (sama og í bilinu 52.3-64.0 m í holu I).

86.8-

Rautt tuff efst, en síðan gránar basaltið og er orðið alveg gráblátt í 89.0 m. Tuffið smá þéttist fyrstu tvo metrana, er frauðkennt, en verður síðan þétt, smáblöðrótt basalt, heillegt.. Nokkuð er um fingerðar sprungur fylltar hvítu. Í tuffinu eru hvítar holufyllingar, zeolítar og calcite.

Kjarnakassa er vant innihaldandi kjarna frá 90.4 m til 101.8 m.

101.8-122.5 m

Dulkornótt, smáblöðrótt basalt, svart og svarrautt að lit efst. Holur og sprungur eru fylltar hvítu. Kjarninn er að sjá ljósgrár að lit meðan hann er óbrotinn. Á bilinu 104.0 til 104.6 m er basaltið rauðleitt og breksíerað. Molar með nokkuð stórum

blöðrum. Síðan áfram þétt basalt, líkt og áður. Hvítar holufyllingar, zeolítar. Eftir 108.0 m má sjá grænar, leirkenndar holufyllingar. Jafnframt eru áfram hinar hvítu. Kjarninn er heillegur, en nokkuð skásprunginn á bilinu í kringum 111.0 m. Eftir það er kjarninn mjög heillegur og þéttur, nær blöðru-
laus til enda þessa lags.


122.5-124.8 m

Efst er rautt tuff, en síðan tekur við blöðrótt basaltlag, blöðrur fremur smáar en margar. Blöðrur eru ýmist fylltar hvítu eða grænu eða tómar.

Fleiri kjarnakössum er ekki til að dreifa, þótt holan sé 132.0 m að dýpt.

SÝNISHORN

<u>Bakki I</u>		<u>Bakki II</u>		<u>Bakki III</u>	
1.3	28.0	46.5	77.8	85.0	122.4
3.5	31.5	48.5	79.0	86.8	123.5
4.7	41.8	50.2	81.0	88.3	124.5
5.6	43.9	50.5		90.2	
7.1		55.2		102.5	
8.4		57.6		103.8	
10.0		62.0		106.8	
10.5		64.7		109.0	
11.5		68.4		111.2	
12.8		69.2		113.0	
13.6		69.4		114.4	
17.1		70.0		116.0	
18.3		71.0		118.0	
20.0		71.5		119.2	
23.4		73.8		120.7	
25.6		75.0		122.0	



HAMRAR, HOLA I (Verk nr. 688)

0-24.3 m

Fíngerður leirsteinn, mjög sundurlaus ofan til. Basaltbrot hér og hvar.

24.3-24.7 m

Leirkennt lag, sem nefna mætti malarlag. Efst og neðst eru fáeinar vödur rúnnaðar.

24.7-26.8 m

Basalt, þétt og dökkleitt. Einstaka hola er fyllt grænum leirminerölum. Nokkuð er um calcite.

26.8-30.0 m


Tuffkennd breksía, dálítið leirug efst, en rauðleit mjög í miðju. Neðan til eru basaltmolarnir blöðróttir. Í holum eru grænleitar vaxkenndar fyllingar, og einnig talsvert af calcite. Lagið er allt fremur laust í sér.

30.0-32.5 m

Þétt basalt, blásvart að lit. Myndbreyting er aðeins að byrja. Kjarni er nokkuð sprunginn langsum.

SÝNISHORN

<u>Hola_I</u>		<u>Hola_II</u>	
24.2	28.8	27.5	38.0
24.4	29.5	29.5	39.0
25.7	30.5	33.0	43.0
26.8	31.5	34.5	44.0
27.5	32.2	35.5	
27.8		37.0	



HAMRAR, HOLA II (Verk nr. 688)

0.0-26.5 m

Grár leir og leirkenndur sandsteinn (skv. skýrslu bormanna, engin sýnishorn eru til).

26.5-34.8 m

Þétt og fremur fínkornótt basalt, sem er örlítið myndbreytt og má sjá dökka leirkennda díla hér og hvar (holufyllingar). Bergið er molað niður undir 27.0 m dýpi, en síðan er kjarninn fremur heillegur. Í 29.0 m dýpi er leirug skásprunga og basaltið nokkuð morkið. Verður síðan heillegt, en þó með leirugum skásprungum niður í 33.5 m dýpi, en þar eftir er kjarninn öllu meira brotinn.

34.8-37.8 m

Tuff, rauðleitt með köflum. Mörk þessa tufflags renna út í lagið fyrir ofan og lagið fyrir neðan. Neðst er rauði liturinn sterkur.

37.8-43.2 m

Mjög þétt basalt, fínkornótt (dulkornótt). Einstaka stórar blöðrur eru fylltar þessum svarta til svargræna leir (vaxkennt), sem svo oft má finna í þessari gerð tholeitisks basalts. Bergið er allmikið sprungið, bæði skásprungið svo og nokkuð molað. Í 39.0 m dýpi er mjög molaður kafli.

43.2-45.5 m

Tuff, fremur laust í sér. Síðasti einn og hálfí metrinn er óviss. Í kjarnakassanum var aðeins fingerður salli.

Verk nr. 688

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Hamrar, Svarfaðardal hola II
Rannsóknarborhola


II. IO. '68 I.B.F./I.S.

Tnr. 18

J-Svarfaðardal

Fnr. 8593

Dýpi
m
,0



URRIÐAVATN, HOLA I (Verk nr. 580) (Sullivan 3)

3.80-7.10 m

Leiðeðja.

7.10-11.15 m

Leirsteinn. Mjög fingerður og fremur mjúkur. Auðveldlega tálgaður með hníf. Milsnan er dálítið grófari og ef til vill heldur dekkri en venjulegt sement, en ekki ósvipað.

11.15-14.6 m

Konglomerate, sem virðist mjög hratt blandað saman, þ.e. mjög mismunandi kornastærð. Molarnir eru sumir nokkuð hyrndir (breksía) en hinir stærri eru rúnnaðir (konglomerate). Molarnir sitja í mjög hörðum massa. Sumir molarnir eru allstórir; porphyritískt basalt með feldspar phenocrystöllum.

14.6-19.0 m

Basalt, grófkornótt. Nokkuð er um olivine x-stalla svo og feldspar. Bergið er þétt og dökkgrátt. Pyrite x-stalla fann ég í 18.7 m.

19.0-19.5 m

Móbergs breccia. Brotsár mjög hrjúft og grænleitur blær yfir.

19.50

Dökkt millilag, porphyritillt með ljósum feldspar dílum, allstórum. Líklega basískt. Lagið er þykkast 5 cm og liggur skáhallt við lóðrétta stefnu. Breccian er auðsjáanlega bökuð beggja vegna við þetta millilag.

19.55-29.5 m

Móbergs breccia. Brotsár er hrjúft og grænleitur blær yfir sárinu. Kjarninn er heillegur, lítið um sprungur.

29.5-34.0 m

Basalt hraun, rauðleitt og blöðrótt. Blöðrurnar eru mjög margar, en fremur smáar (2 mm). Margar eru fylltar með calcite. Stundum er grænleit húð utan um calcite fyllingarnar, sem eru kúlulaga. Basaltið er nær ósprungið, en í 29.9 m er leifyllt skásprunga.

34.0-34.1 m

Þunnt, dökkt millilag úr fremur mjúku efni. Hefur auðsjáanlega verið hitað mikið. Gæti verið hluti dökka basaltsins? Korn úr þessu lagi dragast að segulstáli.

34.1-37.2 m

Basalt, dökkt og nokkuð blöðrótt, en þó mun minna en hið rauðleita ofar. Margar holur standa tómar, en annars holufyllt með calcite. Kjarni heillegur.

37.2-39.5 m

Basalt mjög þétt og fremur smákornótt. Blöðrulaust og gráblátt að lit. Fáar sprungur, en þá örmjóðar og fylltar með calcite.

39.5-41.8 m

Millilag, rautt og grænt. Dumbrautt utan 39.9-40.7, þar sem lagið er grænt. Auðveldlega má skafa bergið með hníf. Ekki mjög fínkornótt, en aðeins flögótt.

41.8-50.0 m

Basalt, breksierað með köflum. Basaltið er hreint en mjög blöðrótt í 44.4-44.8, en síðan áfram basalt breccia niður í 50 m. Verður rauðleitt er neðar dregur. Mörkin í 50 m milli þessa basalts og hreins basalts eru óglögg. Í blöðrum eru stundum grænleitar, vaxkenndar fyllingar sem líklega eru úr clay-minerals. Einnig eru zeolítar í mörgum holum.

50.0-58.4 m

Blágrýti homogent, mjög þétt og fínkornótt, blöðrulaust. Sprungur, einkum skásprungur, af og til.

58.4-60.5 m

Hraun, mjög blöðrótt, svarnautt, frekar grófkornótt. Holufyllingar bæði hvítar og grænar (clay-minerals). Í stórum holum má víða sjá fallega zeolíta í vexti. Blöðrur eru oft allstórar. Kjarninn er heillegur og lítið sprunginn.

60.5-64.9 m

Basalt, örlítið myndbreytt efst, þétt, dökkt, nær blöðrulaust, en hinar fáu blöðrur eru fylltar með grænu vaxkenndu efni. Kjarninn er heillegur. Er neðar dregur verður basaltið hreinna og holur eru með sömu fyllingu. Verður örlítið porphyritískt með grænleitum og ljósum phenocrystöllum. Þegar nálagast mörk við blöðr. rauðleitt hraun verður basaltið dálítið myndbreytt. (Ein stórglæsileg holufylling).

64.9-74.3 m

Basalt. Mjög blöðrótt efst, en breytir í 65.7 m. Hvítar, harðar holufyllingar, zeolítar. Rauðleitur blær yfir berginu ofan til. Nokkuð dílótt.

Í 66.7 m er komið í hreint basalt, sem er fremur grófkornótt, dökkt. Smáar blöðrur eru fylltar með grænleitu, vaxkenndu efni. Skásprungið.

Verður dálítið myndbreytt og blöðrótt þegar kemur niður í 70 m.

74.3-84.3 m

Basalt, blágráleitt, þétt, grófkornótt, mjög heillegur kjarni. Harðnar, þéttist og verður fínkornóttara er neðar dregur. Verður meira sprungið eftir 76.5 m. Basaltið er myndbreytt efst, síðan hreint, en myndbreytt á ný í 81 m og verður síðan blöðrótt með dökkgrænum, vaxkenndum holu- og sprungufyllingum. Þetta græna efni virðist hreinna hér en áður.

84.3-84.7 m

Rautt millilag, þétt og fremur smákornótt, homogent. Má skafa með hníf.

84.7-90.8 m

Basalt, grófkornótt og ekki mjög þétt. Blöðrótt með grænli og hvítum holufyllingum.

90.8-91.3 m

Rautt millilag, þétt, smákornótt.

91.3-93.2 m

Basalt, dálítið roðað ofan til. Grófkornótt og nokkuð dílótt. Nokkuð blöðrótt. Hvítar holufyllingar.

93.2-95.2 m

Basalt breksía. Grófkornótt, allblöðrótt. Holufyllt með hvítu. Rauðleitur blær er yfir massanum.

95.2-98.8 m

Basalt, fremur smákornótt. Blöðrur margar en smáar. Stærri holur fylltar með hvítu. Kjarni er heillegur. Dálítið myndbreytt í 97.6 m.

98.8-100.2 m

Basalt, mjög dökkt, smáblöðrótt (margar blöðrur en smáar). Holufylling gráleit og mjúk.

100.2-105.6 m

Basalt, dökkt, þétt og fínkornótt. Kjarninn er heillegur. Hvítar sprungufyllingar. Sprungið og molað í 103-104 m og gulleitur leir fyllir sprungur.

105.6-107.3 m

Basalt, porphyritískt með ljósgráum og grænum phenokrystöllum. Holufyllingar hvítar. Brotsár er mjög hrjúft.


107.3-107.8 m

Rautt millilag, fínkornótt og þétt, homogent.

107.8-116.2 m

Basalt, dökkt, allþétt en blöðrótt. Holufyllt með hvítu. Hart. Nokkuð myndbreytt á köflum. Verður þéttara og minna um blöðrur er neðar dregur. Verður síðan aftur nokkuð blöðrótt fyrir neðan 113 m. Fallegir zeolítar í holum. Sprunga í 108.5 m nokkuð "veðruð" með leir í.

Bunnisneið 977, dýpi 106.1 m: Myndbreytt basalt, upphaflega dálítið porphyritískt, en fínkrystallað. Calcite og zeolítar í sprungum. Phenokrystallar eru pyroxene, sýna góða kleifni.



URRIÐAVATN, HOLA II (Sullivan III)

1.0-3.6 m

Móbergs pursaberg. Basaltmolarnir eru nokkuð myndbreyttir, einkum ofan til, en verða þéttari í sér og minna myndbreyttir, er neðar dregur. Holu- og sprungufyllt með calcite. Í brot-fleti má oft sjá x-stalla úr pyrite eða "glópa-gulli".

3.6-23.5 m

Basalt, nokkuð myndbreytt, einkum ofan til. Langsum sprungur eru ríkjandi. Skásprungur eru margar og t.d. í 14.3 m er sprunga með leir og jarðvegi og heldur "veðruð". Hitæð? Sprungur og holur eru fylltar calcite og pyrite. X-stallar eru upp í 2 mm að þvermáli og oft með góðri krystallögun. Í 6 m má finna allstóra blágræna bletti (líklega koparsamband) og í einum slíkum fann ég pyrite krystal. Myndbreyting kemur í beltum öðru hvoru, en á milli er basaltið alveg hreint. Hér má sjá góð dæmi um zeolita í vexti.

23.5-32.6 m

Basalt, meira myndbreytt en áður. Kjarninn er nokkuð sprunginn og ber hæst skásprungur. Oft er bergið flögótt. Græn slikja er yfir brotsári. Í 30 m verður bergið aftur heillegra og minna myndbreytt. Síðan er mjög sprungið niður í 32 m, en þá heillegra.

32.6-33.6 m

Rætt millilag. Fyrst er rauða lagið slitrótt, en verður síðan einrátt. Dálítið myndbreytt.

33.6-43.0 m

Basalt, dökkt, fínkornótt, allmolað og leirugt ofan til. Sprungur eru 45° við lóðrétta stefnu og fremur "veðraðar". Bergið er sums staðar morkið, leirinn er kísilskotinn. Í 36.2 m verður bergið dekkra, en aftur molað og leirugt í 36.7-37.7 m, síðan heillegt til 39.7 en þá sprungið til 40.6 m. Heillegir 60 cm en síðan sprungið til 42.6 m.

43.0-57.3 m

Basalt, grófkornóttara en ofar, dökkt og þétt. Holufyllingar úr calcite. Ómyndbreytt berg en nokkuð sprungið.

57.3-64.5 m

Basalt, þétt og fínkornóttara en ofar og blárra að lit, fremur stökkt. Allmikið sprungið og leir í sprungum.

64.5-67.0 m

Móbergs breccia. Sprungufyllingar eru úr calcite og einnig nokkuð um pyrite.

67.0-82.9 m

Þétt basalt, fínkornótt. Öðru hvoru koma bil með mikilli myndbreytingu, en síðan hreint basalt á milli. Calcite og pyrite fyllir sprungur, oft stórar fyllingar. Bergið er mjög hart.

82.9-88.6 m

Heillegt basalt (blágrýti) og breccia. Örlítið myndbreytt með köflum.

88.6-98.7 m

Dílótt basalt, þétt og skásprungið, heldur fínkornóttara fyrir neðan 94.3 m.

98.7-107.5 m

Fínkornótt basalt og breccia. Holufyllingar eru hvítar og harðar niður í 105.6 m, en þá eru blöðrun gjarnan fylltar með grænleitum, vaxkenndum leir. Í 106.7 m verður bergið all blöðrótt.

107.5-107.9 m

Rauðleitt millilag (svarbrúnt).

107.9-116.8 m

Blöðrótt grágrýti með hvítum holufyllingum, hörðum og möttum. Nokkuð breksierað ofan til.

SÝNISHORN

Hola I


<u>Bakki 1</u>	<u>Bakki 2</u>	<u>Bakki 3</u>	<u>Bakki 4</u> (eða bakki 1, hola II)
8.0	33.9	64.6	105.0
12.4	34.0	65.4	106.1
14.0	34.1	66.1	107.0
15.5	35.6	68.0	107.4
16.4	36.8	70.0	108.1
18.4	37.7	71.0	110.0
19.1	39.5	73.4	112.0
19.5	39.8	75.0	114.0
19.7	41.0	77.8	116.0
20.5	41.4	81.	
23.0	42.6	84.6	
24.0	44.4	84.4	
27.0	45.5	85.0	
28.8	48.4	88.0	
30.0	49.7	90.0	
31.1	52.0	90.9	
32.3	53.0	92.0	
	55.4	93.8	
	56.7	94.0	
	59.1	96.0	
	60.1	97.0	
	61.0	99.1	
	62.0	99.6	
		100.5	
		104.1	

SÝNISHORN

Hola II

<u>Bakki 1</u>	<u>Bakki 2</u>	<u>Bakki 3</u> ^x
2.80	25.5	70.2
3.75	28.6	74.8
5.0	30.2	77.4
8.2	32.6	80.5
10.3	33.0	82.7
13.7	35.0	86.5
18.3	39.5	88.0
21.2	42.1	89.2
	43.0	91.3
	46.0	93.2
	53.5	96.0
	56.0	99.7
	58.4	101.0
	63.0	102.3
	65.0	105.3
	66.7	107.7
	68.9	108.0
		111.2
		114.0
		116.7

^x í þessum bakka er einnig "steingert tré", sem var í botni holunnar. Það var um 50 cm að lengd.



Sullivan III 11.10-5.11.67

STÓRU TJARNIR, HOLA I (Verk nr. 869)

6.5-9.75 m

Basalt, svargrátt, þétt, fínkornótt. Lítið sprungið, en þá með ljósum leirkenndum sprungufyllingum.

9.75-11.0 m

Basalt, frauðkennt og holufyllt með hvítum fyllingum. Rauðgráleitt efstu 40-50 cm, en milligrátt neðar. Mikið sprungið með ljósum leirfyllingum.

11.0-15.3 m

Basalt, rauðleitt og frauðkennt, fínkornótt. Grátt á lit og þéttara neðst í laginu. Rauðbrúnir dýlar eru í basaltinu.

15.3-20.7 m

Basalt, rauðgráleitt, blöðrótt og holufyllt efstu 1 1/2-2 m, en verður smám saman þéttara og dökkgrátt á lit. Rauðbrúnir smédýlar sjást í basaltinu. Vel holufyllt (lítið af kalkspati). Mikið sprungið með ljósri leirskán milli brota.

20.7-24.3 m

Basalt, Efstu 20 cm er það rauðleitt, blöðrótt og holufyllt, mjög smásprungið og leirfyllt. Þá verður basaltið grátt, fremur ljóst, en blöðrótt áfram. Dulkornótt. Talsvert sprungið. Þéttara neðst í laginu.

24.3-25.0 m

Efst er leirfyllt lag, þar sem rauðbrúnir frauðkenndir og holufylltir basaltmolar eru í rauðum leirkenndum millimassa, en verður neðst heillegt, rauðleitt basalt.

25.0-29.0 m

Basalt. Efsta 1/2 m rauðleitt og blöðrótt, dálítið breksíerað. Verður þá smám saman svargrátt. Dulkornótt, blöðrótt og holufyllt, heillegra.

29.0-34.3 m

Basalt, brúngráleitt og frauðkennt efsta metrann, en verður talsvert þéttara neðar og grátt á lit með grænleitri slikju. Smákornótt. Frekar lítið sprungið efst, en síðustu 2-3 metrana er það talsvert mikið sprungið. Á því bili er basaltið orðið mjög þétt, svargrátt, með stökum blöðrum með ljósgrænum, vaxkenndum fyllingum.

34.3-36.5 m

Basalt, rauðbrúnt, frauðkennt og holufyllt með hvítum fyllingum efst. Þéttara neðst. Í ca. 35.5 m dýpi er basaltið orðið grængrátt, þétt, mjög sprungið og molað, með grænum, gljáandi sprunguflötum. Í brotsárum sést mikið af rauðum, gljáandi flekkjum.

36.5-40.5 m

Basalt, rauðleitt, dúlkornótt, blöðrótt, vel holufyllt, með smáum, mjög þéttum blöðrum og fylltum sprunguæðum. Grátt á lit eftir fyrsta metrann, en áfram blöðrótt og holufyllt. Verður smám saman þéttara og grófkornaðra og fær á sig grænleitan blæ og í sprungum og blöðrum eru ljósgrænar, leirkenndar fyllingar. Stærri feltspatlistar sjást í berginu (2 mm). Neðst við mörkin er basaltið heldur meira blöðrótt aftur.

40.5-43.5 m

Basalt. Milligrátt, fínkornótt, blöðrótt og holufyllt, með zeolítum. Rauðbrúnir flekkir eru í berginu. Fremur lítið sprungið. Grænleitt neðst.

43.5-44.8 m

Millilag, leirkennt, rauðbrúnt efst, en gulbrúnt frá ca. 43.7-43.9 m dýpi.

44.8-47.0 m

Basalt. grátt, fremur ljóst, talsvert blöðrótt og holufyllt. Breksfærað á köflum með grænbrúnum fyllingum, glerkenndum. Lítur oft út fyrir að vera einhvers konar "móbergsbreksía".

47.0-60.6 m

Á bilinu 47.0-47.4 er rautt, tuffkennt lag, sem sennilega er efsti hluti basaltlagsins. Sprunga, fyllt kalkspati skilur á milli þessa tuffkennda bergs og grænleita basaltsins fyrir neðan. Basaltið er dálítið myndbreytt, fínkornótt, talsvert breksíerað, sérstaklega efst. Heillegra frá ca. 50 m dýpi, en öðru hverju koma inn kaflar af sprungnu og breksíeruðu bergi. Í ca. 58.5 m dýpi er stór skriðsprunga þar sem öðrum megin kemur inn rauðleitt, blöðrótt berg, en svo heldur áfram sama grænleita basaltið og fyrir ofan

60.6-61.5 m

Konglomerat. Molar af þéttu svargráu basalti og ljósu, blöðróttu og holufylltu basalti í rauðbrúnu milliefni.

61.5-65.9 m

Basalt. Ljósgrátt með grænni sliktu, fínkornótt, blöðrótt og holufyllt. Breksíerað og fyllt brúnleitum, leirkenndum fyllingum. Þéttara frá ca. 63 m dýpi.

65.9-66.2 m

Ljósgrænleitt, leirkennt millilag. Molað og sundurlaust.

66.2-68.1 m

Basalt, ljósgrátt, fínkornótt, blöðrótt og holufyllt með zeolítum og kalkspati. Þéttara á bilinu 67-68 m og svargrátt á lit. Blöðrótt aftur við mörkin að neðan.

68.1-72.0 m

Basalt, rauðleitt, frauðkennt og holufyllt, aðallega með nállaga zeolítum. Dulkornótt með raðbrúnum, stærri dílum í. Verður svargrátt á lit eftir fyrsta metrann, en er áfram blöðrótt og holufyllt með zeolítum og kalkspati. Dálítið myndbreytt með grænleitum blæ. Talsvert sprungið.

72.0-76.4 m

Basalt, dökkgrátt, dulkornótt, blöðrótt og holufyllt. Breksíerað efsta 1/2 metrann með grænleitum, leirkenndum fyllingum, sem eru líkar að samsetningu og basaltið, en heldur meira myndbreyttar. Þá verður basaltið mjög þétt, dökkgrátt, fínkornótt, mjög hart. Talsvert sprungið. Zeolítkrystallar sem fyllingar í stórum, stökum holum og í sprungum.

76.4-89.4 m

